



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Skóladagatal grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2025 - 2026

Í janúar 2016 voru í fyrsta sinn lögð fram og samþykkt í skóla- og frístundaráði skóladagatöl grunnskóla Reykjavíkur fyrir tvö næstu skólaár, 2016 – 2017 og 2017 - 2018. Var það m.a. gert vegna óska sem fram höfðu komið frá foreldrum um að þeir fái upplýsingar um skólustarf lengra en eitt ár fram í tímann. Rök þeirra voru einkum á þá leið að slíkt tíðkist í þeim nágrannalöndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Reynslan hefur einnig leitt í ljós að fjölmargir aðilar í samfélaginu taka mið af skóladagatali grunnskóla borgarinnar þegar þeir skipuleggja sitt starf. Því er nú lagt fram skóladagatal fyrir grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2025 – 2026 til að fylgja því eftir að skóladagatöl fyrir tvö næstu skólaár liggja fyrir.

1. Skólasetning

Gert er ráð fyrir að skólasetning verði í öllum grunnskólum Reykjavíkur *föstudaginn 22. ágúst 2025*.

2. Vetrarfrí á haustönn

Grunnskólar borgarinnar taki vetrarfrí á haustönn eftirtalda daga:

Föstudaginn 24. október 2025

Mánudaginn 27. október 2025

Þriðjudaginn 28. október 2025

3. Vetrarfrí á vorönn

Grunnskólar borgarinnar taki vetrarfrí á vorönn eftirtalda daga:

Fimmtudaginn 19. febrúar 2026

Föstudaginn 20. febrúar 2026

4. Umhverfis dagar

Lagt er til að umhverfis dagar verði 16. september 2025 (Dagur íslenskrar náttúru er 16. september ár hvert) og 22. apríl 2026.

5. Skólaslit

Skólaslit í öllum grunnskólum borgarinnar verði *miðvikudaginn 10. júní 2026*.

Sem fyrr er áhersla lögð á að leik- og grunnskólar samræmi a.m.k þrjá starfs- og skipulagsdaga í sínu hverfi.

Kallað verður eftir skóladagatölum með skilafresti eigi síðar en 31. mars 2025.